

## á Námsáætlun fyrir íslensku - 5. bekkur



Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<p>Að nemandi geti með leiðsögn og stuðningi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,</li> <li>tjáð eigin skoðanir og tilfinningar,</li> <li>geti endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt og sagt skipulega frá því,</li> <li>tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,</li> <li>hlustað af athygli, sýnt kurteisi, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lesið fyrir nemendur og þeir lesa hver fyrir annan og/eða upphátt fyrir allan bekkinn.</li> <li>Nemendur eru hvattir til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum, segja sögur og taka þátt í samræðum. Sú þjálfun felst m.a. í því að greina munnlega frá eigin reynslu, flytja ljóð, lesa upp fyrir bekkinn og tileinka sér þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leiðsagnarmat, lestrarlag og framsögn nemenda.</li> </ul>
<b>Lestur og bókmenntir</b>	<p>Að nemandi öðlist hæfni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>lesa texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, leggja mat á hann og túlka,</li> <li>greina og fjalla um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og nota</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lögð verður áhersla á að nemendur auki lestrarhraða sinn. Nemendur lesa daglega heima í 15 mínútur upphátt fyrir foreldra/forráðamenn. Yndislestur er flesta daga í skólanum. Þá lesa nemendur í bók að eigin vali í u.þ.b. 15 - 20 mínútur. Hraðlestraræfingar verða</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lesfímipróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí.</li> <li>Nemendur sem ekki hafa náð um 80 orðum á mínútu í lesfímiprófi í september þurfa frekari</li> </ul>

	<p>mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lesa sér til ánægju og fróðleiks,</li> <li>• lesa gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum,</li> <li>• afla upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, vinna úr þeim og nýta við lausn verkefna, leggja nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga,</li> <li>• beita nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi og boðskap,</li> <li>• velja sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</li> </ul>	<p>hafðar annað slagið, mínútuspjöld og fjölbreyttir textar lesnir.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur lesa fyrir yngri nemendur skólans. Einnig munu þeir lesa fyrir börn á elstu deildum leikskólanna Vesturbergs og Tjarnasels.</li> <li>• Lestraráttak verða a.m.k. tvisvar yfir skólaárið.</li> <li>• Nemendur þjálfast í lesskilningi með því að hlusta á texta, lesa texta og vinna verkefni og/eða svara spurningum úr þeim. Unnið er með mismunandi texta s.s.leikrit og þjóðsögur.</li> <li>• Nemendur læra vísur og ljóð eftir íslenska höfunda utanbókar til söngs og annars munnlegs flutnings.</li> </ul>	<p>þjálfun og í sumum tilfellum sérúrræði. 90 – 139 orð á mínútu , nokkuð góður árangur. 140 –160 orð á mínútu , góður árangur. 160 orð eða meira á mínútu , mjög góður árangur.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesskilningspróf</li> <li>• Verkefni og ritgerð</li> </ul>
<b>Ritun</b>	<p>Að nemandi öðlist hæfni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifa læsilega og af öryggi,</li> <li>• semja texta þar sem beitt er eigin sköpun, njóta þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veita öðrum hlutdeild með því að kynna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur eru þjálfaðir í að semja sögur með atburðarás og lesa upp úr eigin verkum þar sem áhersla verður lögð á hrynjanda og tilfinningu í töluðu jafnt sem rituðu máli.</li> <li>• Nemendur skrifa eftir forskrift.</li> <li>• Áhersla verður lögð á góða ritun og tengiskrift í öllum bókum sem nemandi vinnur með.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðsagnarmat</li> <li>• Skriftarpróf tvisvar yfir skólaárið, auk þess er skriftarbók er metin</li> <li>• Ritun er metin með símati</li> <li>• Stafsetningarpróf tvisvar yfir skólaárið</li> </ul>

	<p>ritunina eða leyfa öðrum að lesa,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beita helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og ná valdi á þeim,</li> <li>• skrifa texta á tölvu og beita nokkrum aðgerðum í ritvinnslu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stafsetning er þjálfuð markvisst. Þá eru unnar æfingar, skrifaðir textar og reglur kenndar og þjálfaðar.</li> </ul>	
<b>Málfræði</b>	<p>Að nemandi öðlist hæfni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gera sér nokkra grein fyrir eigin máli og hafi skilning á gildi þess að bæta það,</li> <li>• nýta sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál,</li> <li>• þekkja helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, s.s. kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt,</li> <li>• beita þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og geri sér grein fyrir fjölbreytileika málsins,</li> <li>• gera sér grein fyrir notagildi íslenskrar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennsla í málfræði tengist fjölbreyttri verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu.</li> <li>• Nemendur vinna með tungumálið á ýmsan hátt t.d með sögum, myndasögum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum.</li> <li>• Unnið er með orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð út frá helstu einkennum þeirra með margvíslegri verkefnavinnu bæði heima og í skólanum.</li> <li>• Lögð er áhersla á vandaðan frágang allra verkefna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðsagnarmat</li> <li>• Skrifleg próf</li> </ul>

	málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.		
<p><b>Náms- og kennslugögn:</b></p> <p><b>Talað mál, hlustun og áhorf</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrarbækur</li> <li>• Ljóðabækur</li> <li>• Geisladiskar</li> <li>• Myndbönd</li> <li>• Ýmsar sögubækur</li> </ul>	<p><b>Lestur og bókmenntir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Flökkuskinna</li> <li>• Orðspor 1, lesbók.</li> <li>• Valdar lestrarbækur við hæfi</li> <li>• Hóplestrarbækur</li> <li>• Didda og dauði kötturinn</li> <li>• Fyrsti Smellur.</li> <li>• Ljóðspor</li> </ul>	<p><b>Ritun:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Skript 5</i></li> <li>• Stílabækur til sögugerðar (ritunar)</li> <li>• Réttitunarorðabók</li> <li>• Mál til komið grunnbók og vinnubók</li> </ul>	<p><b>Málfræði:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðspor 1 verkefnabók</li> <li>• Skinna 2 (ljósrit)</li> <li>• Málrækt 2</li> </ul>
<p><b>Lokanámsmat:</b> Símat. Einkunnir gefnar í bókstöfum A, B+, B, C+, C eða D.</p>	<p><b>Bókmenntir og ljóð:</b> Didda og dauði kötturinn Tvö ljóða- og bókmenntapróf yfir skólaárið. Fjögur verkefni í framsögn yfir skólaárið. Verkefnabækur og vinna í tímum</p>	<p><b>Ritun:</b> Tvö skriftarpróf yfir skólaárið. Skriftarbækur gilda til lokaeinkunnar.</p> <p><b>Stafsetning:</b> Tvö próf yfir skólaárið.</p>	<p><b>Málfræði:</b> Tvö próf yfir skólaárið. <b>Lestur:</b> Raddlestrarpróf í maí gildir. <b>Lesskilningur:</b> Átta lesskilningspróf yfir skólaárið.</p>